



Fræðslunefnd Blönduósþæjar - 22. fundur fræðslunefndar Blönduósþæjar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 6. júlí 2017  
og hófst kl. 17:30

**Fundinn sátu:**

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður  
Helgi Haraldsson, aðalmaður  
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður  
Jóhanna Guðrún Jónasdóttir, leikskólastjóri  
Guðmundur Sigurjónsson, varamaður  
Ágústa Hrönn Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara

**Fundargerð ritaði:** Anna Margrét Jónsdóttir,

**Dagskrá:**

**1. Starfsmannamál Barnabæjar - 1705036**

*Jónanna G. Jónasdóttir fór yfir starfsmannamál Barnabæjar.*

*Anna Margrét Arnardóttir deildarstjóri hefur óskað eftir ársleyfi frá störfum frá og með 15. ágúst 2017.*

*Guðrún Björk Elísdóttir hefur óskað eftir leyfi frá störfum frá 17. ágúst 2017 ? 17. mars 2018.*

*Alexandra Dögg Viðarsdóttir, Birta Ósk Laursen og Sandra Ósk Valdimarsdóttir ætla að hætta og fljúga á vit ævintýrana.*

*Umsóknir bárust frá Árný Björk Brynjólfsdóttir, Eygló Bylgju Önnudóttir, Hörpu Hrönn Hilmarsdóttir, Láru Dagnýju Sævarsdóttir og Sigurlaugu Markúsdóttir.*

*Leikskólastjóri gerir það að tillögu sinni að þær verði allar ráðnar til starfa.*

*Anna Kristín Brynjólfsdóttir sótti um þegar umsóknarfrestur var runninn út en hún kemur í viðtal um miðjan mánuðinn þar sem hún starfar fyrir sunnan.*

*Fræðslunefnd samþykkir þessar ráðningar fyrir sitt leyti.*

**2. Erindi frá Jóhönnu leikskólastjóra - Innra mat leikskólans - 1707007**

*Jóhanna G. Jónasdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:*

*Undirrituð óskar eftir því að í haust verði farið í vinnu með innra mat í leikskólanum Barnabæ. Nauðsynlegt er að það verði gert af utanaðkomandi aðila/um. Í innra mati er öll starfsemi leikskólans metin, faglegt starf og samskipti þar á meðal.*

*Ástæðan er sú að bæjaryfirvöld hafa gefið í skyn að ekki sé allt með felldu í starfsmannahaldi leikskólans og með innra mati ætti það að koma í ljós.*

*Leiðbeiningar um innra mat í leikskóla, unnið af Sigríði Sigurðardóttir, fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2016 má finna á vefráðuneytisins.*

*Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri*

*Fræðslunefnd tekur jákvætt í erindið og mælir með því.*



**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30**

---

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir

---

Helgi Haraldsson

---

Anna Margrét Jónsdóttir

---

Jóhanna Guðrún Jónasdóttir

---

Guðmundur Sigurjónsson

---

Ágústa Hrönn Óskarsdóttir